

Verklagsreglur stjórnar Nótnasjóðs STEFs

Reglum þessum er ætlað að koma útgefnum reglum Nótnasjóðs til skýringar og fyllingar.

1. Umsókn um styrkveitingu verður aðeins tekin til afgreiðslu hafi skrifleg umsókn borist STEFi innan auglýsts umsóknarfrests. Ekki er skilyrði fyrir styrkveitingu að notuð séu eyðublöð sem stjórn sjóðsins hefur útbúið, en er þó mælt með því að þau séu notuð.
2. Styrkir eru veittir til útgáfu íslenskra verka. Undir útgáfu sem er styrkbær fellur m.a. prentun, tölvusetning, prófarkalestur, aðlögun og útsetning nótna fyrir útgáfuna. Ekki eru veittir styrkir til að semja verk eða annarrar frumsköpunar.
3. Ekki er gerð krafa um tiltekna útbreiðslu verka í kjölfar útgáfu, fjölda eintaka eða að verkin séu í almennri sölu í nótnaverslunum til að hljóta styrk úr sjóðnum. Hins vegar er það almennt skilyrði fyrir styrkveitingu að það liggi ljóst fyrir að viðkomandi verk verði eftir útgáfuna aðgengileg til flutnings og geti nýst öðrum en umsækjanda sjálfum til flutnings t.a.m. með því að verkið sé afhent Tónverkamiðstöð til dreifingar
4. Umsóknir frá flytjendum og/eða útgefendum skulu bera með sér hvaða verk um er að ræða og hverjir séu höfundar þeirra. Séu verkefni tengd tilteknum höfundi (ekki safnverk) er æskilegt að ljóst sé af umsókninni að um samstarfsverkefni viðkomandi og höfundarins sé að ræða.
5. Almennt verði umsókn um styrkveitingu aðeins tekin til afgreiðslu komi umsóknin frá höfundi sem verið hefur meðlimur í STEFi í a.m.k. þrjú ár.
6. Almennt skulu ekki veittir styrkir til annarra en þeirra höfunda sem hafa á síðustu árum fyrir úthlutun fengið úthlutað höfundaréttargreiðslum sem nema að lágmarki kr. 100.000 á ári.
7. Við styrkveitingar skal hafa hliðsjón af því hvort viðkomandi umsækjandi hafi nýlega fengið styrki úr sjóðnum og hverjar höfundaréttartekjur hans hafa verið undanfarin ár. Ennfremur er heimilt að taka tillit til þess hvort umsækjandi hafi fengið styrki vegna sama verkefnis úr öðrum sjóðum.
8. Mögulegt er að fleiri en einn sæki saman um styrk til sameiginlegs verkefnis. Skulu ákvæði 1. og 2. gr. þá vera uppfyllt hvað varðar alla þátttakendur í verkefninu.
9. Stjórn sjóðsins hefur þó heimild til að veita einn styrk við hverja úthlutun til efnilegra höfunda sem ekki uppfylla skilyrði um lágmarkstíma aðildar að STEFi og lágmarksgreiðslna frá samtökunum.

10. Styrkir skulu bundnir þeirri forsendu að verkefnið og framvinda þess sé í samræmi við lýsingu og áætlanir. Skal styrkþegi tilkynna um fyrirhugaðar breytingar eða niðurfellingu verkefnis. Sé verkefnið fellt niður skal styrkþegi endurgreiða útgreiddan styrk.
11. Stjórn sjóðsins getur ákveðið að skipta útgreiðslu styrkja þannig að útgreiðsla sé bundin framvindu verkefnisins.
12. Er það skilyrði fyrir styrkveitingu að fram komi á því útgefna efni sem styrkt er að útgáfan sé styrkt af STEFi.
13. Styrkþegar fá staðfestingu á úthlutun í tölvupósti og er styrkurinn greiddur inn á þann reikning sem þeir vísa til, séu upplýsingar um bankareikning ekki þegar skráðar hjá STEFi.

Svo samþykkt af stjórn Nótнасjóðs STEFs 2011 og breytt á fundi stjórnar þann 21. september 2018.